

**2325. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn miðvikudaginn 12. febrúar 2025 og hófst kl. 16:00. Fundurinn var haldinn á Laugardalsvelli og á Teams.**

**Mættir stjórnarmenn:**

Þorvaldur Örylgsson formaður  
Helga Helgadóttir varaformaður  
Ingi Sigurðsson varaformaður  
Halldór Breiðfjörð Jóhannsson  
Pálmi Haraldsson  
Sveinn Gíslason  
Unnar Stefán Sigurðsson

**Á Teams:**

Tinna Hrund Hlynsdóttir

**Forföll:**

Orri Vignir Hlööversson  
Þorkell Máni Pétursson

**Mættir starfsmenn:**

Eysteinn Pétur Lárusson framkvæmdastjóri  
Ómar Smáráson samskiptastjóri sem ritaði fundargerð  
Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri  
Birna María Sigurðardóttir og Kristján Þór Ragnarsson endurskoðendur frá Deloitte

Þorvaldur Örylgsson formaður KSÍ bauð alla velkomna og fór yfir dagskrá fundarins.

**Dagskrá:**

- Fundargerð síðasta stjórnarfundar
  - Lögð fram fundargerð síðasta stjórnarfundar (fundur nr. 2324). Fundargerðin hefur þegar verið undirrituð rafrænt.
- Fundargerðir nefnda lagðar fram og fréttir af vettvangi ÍTF
  - Lagðar fram fundargerðir fjárhagsnefndar frá 29. janúar og 10. febrúar.
  - Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 6. febrúar. Eysteinn P. Lárusson framkvæmdastjóri vakti athygli á tillögu fræðslunefndar um að fresta þeirri kröfu á félag, þar sem við á, að markmannspjálfari þurfi að lágmarki að hafa KSÍ A markmannspjálfaragráðu. Fáir markmannspjálfarar eru sem stendur með A gráðuna og nefndin leggur til fresta gildistöku hækkunar. *Stjórn KSÍ samþykkti að fresta gildistöku hækkunar úr B í A til 2027.*
  - Aðalfundur ÍTF fer fram í dag (miðvikudaginn 12. febrúar kl. 17:00) þar sem kosin verður ný stjórn ÍTF.
- Fjármál
  - Endurskoðendur KSÍ (Birna María Sigurðardóttir og Kristján Þór Ragnarsson frá Deloitte) kynntu ársreikning KSÍ 2024 og fjölluðu um lykiltölur. Rekstrarniðurstaða ársins 2024 er í takti við áætlanir. Reikningurinn verður sendur í rafræna undirritun.
  - Bryndís Einarsdóttir fjármálastjóri KSÍ kynnti fjárhagsáætlun 2025, fór yfir lykiltölur og helstu frávik.
- Árสปing KSÍ
  - Eysteinn P. Lárusson framkvæmdastjóri fór yfir ýmis mál tengd komandi árสปingi, skipulag þingsins og dagskrá, tillögur og flutningsmenn þeirra, tengda viðburði og fleira.
- Önnur mál

- a. Ómar Smárason samskiptastjóri KSÍ fór yfir tilnefningar til ýmissa viðurkenninga sem verða afhentar í aðdraganda ársþings líkt og síðustu ár. *Stjórn KSÍ samþykkti tilnefningarnar.*
- b. Formaður greindi frá því að ÍSÍ hefði staðfest að KSÍ myndi fá úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ (úthlutun vegna nýs afreksfjár).
- c. Formaður greindi frá nýlegum fundi fulltrúa KSÍ og fleiri fulltrúa íþróttahreyfingarinnar með yfirvöldum um skattamál þar sem m.a. var rætt um launþega/verktaka. Í kjölfar þess fundar var ákveðið að stofna starfshóp með fulltrúum frá lykilaðilum innan íþróttahreyfingarinnar og var lagt til að Sveinn Gíslason stjórnarmaður yrði tilnefndur í hópinn fyrir hönd KSÍ. *Stjórn samþykkti tillöguna.*
- d. Greint var frá fundi fulltrúa KSÍ í liðinni viku með ráðherra íþróttamála og öðrum fulltrúum ráðuneytisins. Fundurinn var jákvæður og gagnlegur og vonast er eftir góðu samstarfi milli aðila.
- e. Jarðarför Ellerts B. Schram fór fram síðastliðinn föstudag frá Hallgrímskirkju. Ellerts, sem var heiðursformaður KSÍ, verður minnst sérstaklega á komandi ársþingi.
- f. Fjallað um flóðljósín á Laugardalsvelli. Lýsinguna þarf að endurnýja og mikilvægt að gera áætlanir að uppfærslu sem dugar til lengri tíma.
- g. Eysteinn P. Lárusson framkvæmdastjóri greindi frá áætlunum Reykjavíkurborgar um að reisa skólaþorp á bílastæði við Laugardalsvöll. Þeirri framkvæmd, ef af verður, munu fylgja áskoranir í aðstöðu við Laugardalsvöll og verulega skertu aðgengi umferðar að leikvanginum.
- h. Ráðningarferli á nýjum lögfræðingi KSÍ gengur vel, viðtöl hafa verið tekin og búist er við því að ráðningarferlinu verði lokið fyrir ársþing KSÍ.

Fundi slitið kl. 17:50.

Fundarritari: Ómar Smárason

Næsti fundur boðaður 21. febrúar kl. 15:00.